

Fundur í stjórn Þyts 4. sept. 2017

Mættir: Gunnar Freyr, Sindri, Pétur og Árni Þór sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Drög að fréttatilkynningu um vetrarstarfið var borin undir stjórn. Tillaga kom fram á fundinum að felld verði niður málsgrein um gæslubátþjálfun. Tillagan var samþykkt. Formaður fór yfir aðra liði fréttatilkynningarinnar og gerði nánari grein fyrir þeim. Lagði einnig áherslu á að komið verði upp listum yfir hverjir geti tekist á við ýmis verkefni í starfinu. Einnig var rætt um tímasetningar æfingartíma á laugardögum ásamt heildarskipulagi námskeiða og æfinga.
3. Formaður upplýsti að ábendingabók sé komin upp á neðri hæð.
4. Formaður greindi frá vinnu við undirbúning innheimtu.
5. Formaður greindi frá vinnu við undirbúning kayakageymslu.
6. Starfið rætt og framtíðarsýn skipulagsmála á Flensborgarhafnarsvæðinu.
7. Hífingardagur ákveðinn 7. október nk. Árni Þór mun undirbúa og skipuleggja hann.
8. Formaður ræddi möguleika á því að vera með heitan pott á útisvæði.
9. Skoðaðar teikningar af svölum og neyðarútgangi.
10. Ræddar viðhaldsþarfir og flóðlýsing.
11. Sindri bar upp fyrirspurn um aukalykla og eldsneytisbrúsa til áfyllingar. Formaður mun reyna að nálgast útistandandi lykla.